



LEB

Landssamband eldri borgara

Nefndasvið Alþingis

8. janúar 2021

Austurstræti 8-12

150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Landssambands eldri borgara, LEB, er varðar þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun gegn aldursfordómum, mál 157.**

Mörg undanfarin ár hefur LEB bent á þá hræðilegu tímaskekkju sem aldursfordómar eru. Um þá hefur verið fjallað í máli og texta árum saman. Þegar gerð eru stór átaksverkefni í mannréttindum þá er svo sannarlega komið að því að uppræta aldursfordóma í næsta stóra átaksverkefni og samstöðu.

Aldursfordómar koma fram í svo mörgu; í lögum, í réttindamálum, í viðhorfum, í mannréttindum, í ráðningaferlum, í lítilsvirðingu vegna kennitölu, í forræðishyggju, í ákvörðunum um verklag og gerðir fyrir eldri samfélagsþegna án samráðs við þá sjálfa.

Því mælum við með því að þessi þingsályktun verði samþykkt og fái afgerandi stuðning og síðan snögga meðferð þar sem mikið er í húfi fyrir velferð og líðan okkar frábæra og sístækkandi hóp eldra fólks sem í felst gífurlegur mannauður sem ekki má vanmeta með alltof miklum holuhugsunarhætti sem dregur úr krafti fólks á efri árum.

Þjóðarbúið myndi stórgræða á að uppræta aldursfordóma og mismunun af öllu tagi.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd LEB – Landssambands eldri borgara

Þórunn Sveinbjörnsdóttir  
formaður